

## **19. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss -**

13. sept. 2024 – Heimsókn Þóreyjar Eddu Elísdóttur ráðgjafa frá Verkís og Gunnars Borgarssonar arkitekts til Hafnar.

Eyrún Fríða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Sigurjón Andrússon og Þórgunnur Torfadóttir voru með allan daginn auk þess sem Gunnar Ingi Valgeirsson var með þeim í að skoða íþróttahús og íþróttasvæðið.

### **Samantekt eftir daginn.**

Þórey Edda og Gunnar komu með flugi og byrjað var á því að skoða aðstöðuna sem fimleikarnir hafa inn í Mánagarði. Þaðan var farið út á Höfn, sundlaugin skoðuð, íþróttahúsið, íþróttasvæðið úti og Báran.

13.00-14:30 var fundur með fræðslu og frístundanefnd þar sem farið var yfir teikningar og málin rædd frá ýmsum hliðum.

14:30 – 16:30 fundur með stýrihóp og gestum auk bæjarstjóra þar sem næstu skref voru rædd og staðan metin.

Fimmtudaginn 19. september kl. 16:00 mun stýrihópurinn hitta fulltrúa frá umf. Sindra og USÚ. Sigurjón verður starfsmaður fundarins.

Þórey Edda er að útbúa einskonar matskvarða fyrir stýrihópinn sem getur aðstoðað við mat og ákvarðanatöku. Hann ætti að vera til fyrir 20. sept.

Þórey Edda og Gunnar fóru aftur með flugi síðdegis.

Samantekt tekin saman af Þórgunni Torfadóttur